

Samantekt

Við yfirferð Matvælastofnunar á skýrslum úr neðansjávareftirliti kom í ljós að eftirlitsþegi fór yfir þau tímamörk sem gefin eru upp í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 til þess að sinna eftirlitinu. Matvælastofnun hóf rannsókn málsins og kallaði eftir gögnum og útskýringum eftirlitsþega.

Eftir rannsókn á málinu er það niðurstaða Matvælastofnunar að eftirlitsþegi fór 18 daga fram yfir þau tímamörk sem gefin eru upp í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 án handbæra skýringa og skráist því frávik í eftirlitsskýrslu þessa.

Rannsókn þessa máls önnuðust Jónína Guðmundsdóttir, Jóhann Finnur Sigurjónsson og Kjartan Davíð Sigurðsson.

Frávik	Úrbótafrestur
Neðansjávareftirlit - Tímafrestur til neðansjávareftirlits	Næsta skoðun
Neðansjávareftirlit - Verklagsreglur	Næsta skoðun
Neðansjávareftirlit - Afhending köfunarskýrsla	Næsta skoðun

Frávik

Neðansjávareftirlit
Tímafrestur til neðansjávareftirlits

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Samkvæmt 46. gr. a. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 ber eftirlitspegum að viðhalda neðansjávareftirliti með ástandi netpoka á a.m.k. 30 daga fresti en á 14 daga fresti ef meðalþyngd laxa í sjókvíum er hærri en 4 kg á tímabilinu 1. júlí til 30. nóvember.

Skýrslu með niðurstöðum neðansjávareftirlits skal skilað til Matvælastofnunar eigi síðar en sjö dögum eftir að síðasta kví á eldissvæðinu hefur verið skoðuð. Ef ef upp koma frávik skal tilkynnt um það samdægurs.

Við yfirferð á neðansjávareftirliti frá eftirlitsþega kom í ljós að neðansjávareftirliti hafði ekki verið sinnt eins og reglugerðin kveður á um. Skýrslu um neðansjávareftirlit var skilað inn í 17. september 2025 fyrir neðansjávareftirlit sem framkvæmt var á tímabilinu 12. -16. september. Næsta skýrsla sem eftirlitsþegi hafði skilað inn til Matvælastofnunar var fyrir neðansjávareftirlit sem framkvæmt var á tímabilinu 20.-24. nóvember.

Við rannsókn Matvælastofnunar kom í ljós að upp hafi komið skráningarvilla í kerfi eftirlitsþega og láðst hafði að senda til Matvælastofnunar skýrslur úr neðansjávareftirliti sem framkvæmt var 24. september til 3. október. Var hún send stofnuninni 1. desember.

Að lokinni yfirferð er ljóst að neðansjávareftirliti fyrir eldissvæðið Bjarg var sinnt 3. október og ekki aftur fyrr en 20. nóvember. Það eru 48 dagar og því 18 daga framyfir þau tímamörk sem gefin eru upp í 46. gr. a. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020.

Í samskiptum við Matvælastofnun viðurkenndi eftirlitsþegi að hafa farið yfir þau tímamörk sem gefin eru upp í reglugerð til að sinna neðansjávareftirliti.

Í ljósi framangreinds skráist frávik í eftirlitsskýrslu þessa.

46. gr. a. reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020

Frávik

Neðansjávareftirlit
Verklagsreglur

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Við rannsókn málsins kallaði Matvælastofnun eftir verklagsreglu eftirlitsþega um neðansjávareftirlit. Ljóst er að eftirlitsþegi fór ekki eftir eigin verklagi um neðansjávareftirlit með því að fara 18 daga fram yfir uppgefin tímamörk til að sinna neðansjávareftirliti.

46. gr. a. reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020

Frávik

Neðansjávareftirlit
Afending köfunarskýrsla

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Við rannsókn Matvælastofnunar kom í ljós að upp hafi komið skráningarvilla í kerfi eftirlitsþega og láðst hafði að senda til Matvælastofnunar skýrslur úr neðansjávareftirliti sem framkvæmt var 24. september til 3. október. Var hún send stofnuninni 1. desember.

46. gr. a. reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020

Niðurlag

Þann 16/12/2025 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 16/12/2025. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 3 skoðunaratriðum, þar af 0 alvarleg frávik og 3 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Neðansjávareftirlit: 3 af 6 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af voru 3 frávik og 0 alvarlegt frávik.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á [Ísland.is](#).

[Lagagrunnur eftirlits](#)

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Neðansjávareftirlit

- Tímafrestur til neðansjávareftirlits
- Verklagsreglur
- Afhending köfunarskýrsla

Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

Neðansjávareftirlit - Frávikaskráning

Neðansjávareftirlit - Innra eftirlit

Neðansjávareftirlit - Undanþágur